

TIL FORELDRA HUGSANLEGRA FERMINGARBARNA Í AKRANESKIRKJU VORIÐ 2020

Akranesi 29. apríl 2019.

Kæru foreldrar!

Sumarnámskeið

Fermingarstarf Akraneskirky hefst í lok ágúst. Dagana **12.-15. ágúst** (mánudag til fimmtudags) verður haldið sumarnámskeið fermingarfræðslunnar. Ungmenni úr Brekkubæjarskóla verða í fermingarstarfi kl. 9-12 en ungmenni úr Grundaskóla kl. 13-16. Kennt verður í Safnaðarheimilinu Vinaminni.

Hvað um þá sem ekki komast á sumarnámskeiðið?

Þau ungmenni, sem ekki komast á sumarnámskeiðið í ágúst, mæta í staðinn í fermingarfræðslu þriðja föstudaga, 23. ágúst, 30 ágúst og 6. september. Tímasetningar kynntar síðar.

Öll fermingarbörnin koma svo til fræðslu í Safnaðarheimilinu Vinaminni einu sinni í mánuði frá síðustu viku í september – fram að fermingu. Ungmennin mæta með sínum skóla, sinnhvorn daginn. Hver samvera er 1,5 klst. að lengd. Kennsludagar verða kynntir í haust þegar stundatafla skólanna liggur fyrir.

Framundan er spennandi og skemmtilegt námskeið í ágúst með sambland af fræðslu og leik, bæði úti og inni. Þannig gefst okkur einnig kostur á að bjóða upp á fjölbreyttari dagskrá en ella, svo sem tónlist og gesti sem hafa ýmsu góðu að miðla.

Dvalist tvær nætur í Vatnaskógi

Farið verður í ferðalag í **Vatnaskóg 9.–11. september**. Lagt verður að stað þann 9. september að loknum skóladegi. Ferðin er ríflega niðurgreidd af Akraneskirky en hver unglíngur greiðir kr. 8.000. Nánar kynnt síðar.

Má bjóða þér á kynningarfund?

Til að kynna fermingarfræðsluna enn frekar bjóðum við væntanlegum fermingarbörnum og foreldrum þeirra til **kynningarfundar þriðjudaginn 7. maí nk. kl. 18** í Safnaðarheimilinu Vinaminni.

Hvenær verður fermt?

Fermt verður fjóra sunnudaga; **22. mars, 29. mars, 5. apríl** (pálmasunnudagur) og **19. apríl**. Aðeins ein athöfn verður 22. mars, kl. 10.30, en tvær athafnir hina fermingardagana, kl. 10.30 og 13.30.

Hvenær á að skrá í fermingarstarfið?

Skráning fer fram rafrænt á heimasíðu Akraneskirky – akraneskirky.is – að loknum fyrrnefndum kynningarfundum. **Skráningu skal vera lokið í síðasta lagi 1. júní**. Fermingardagurinn er valinn við skráningu.

Hvað kostar fermingarundirbúningurinn?

Það kostar að vera í fermingarundirbúningi, líkt og það kostar að æfa ýmsar íþróttagreinir utan skóla. Fermingarfræðslugjaldið er **kr. 19.000**. Rukkað verður í tvennu lagi; fyrir fyrri hlutann í ágúst (þegar sumarnámskeiðið hefst) og seinni hlutann áður en fermingar hefjast í mars. Gjaldið er ákvarðað af Dómsmálaráðuneytinu og getur breyst á fermingarárinu. Sendir verða út greiðsluseðlar.

Munið að skrá ungmennin formlega

Með bestu kveðju.

Þráinn Haraldsson
sókarnprestur

Jón Ragnarsson
prestur

Símanúmer og netföng:

Þráinn: 433-1503 (beinn sími). thrainn@akraneskirky.is

Athugið: Hér eftir verða öll skilaboð send til ykkar í tölvupósti.